

Furðufugladans

BÆKUR

ELLING. FUGLADANSINN

Eftir Ingvar Ambjörnson. 253 bls. Einar Ólafsson þýddi. Almenna bókafélagið 2004.

Norski nördinn Elling er landsmönnum að góðu kunnur. Áður hefur komið út á íslensku ein bók um hann, *Paradís í sjónmáli*; sett hefur verið upp leikrit bæði norðan heiða og sunnan við miklar vinsældir; og bíómyndin vakti mikla lukku. Nú er önnur bókin í floknum um Elling komin út og heitir hún *Fugladansinn*. Hún hefst þar sem sú fyrri endaði, móðir Ellings var þá nýlátin og ljóst varð eftir því sem leið á söguna að hann væri andlega sjúkur og gæti ekki séð um sig sjálfur; raunveruleikinn rann út milli fingra hans og ímyndunin tók öll völd.

Fugladansinn skiptist í tvo hluta og í þeim fyrri rankar Elling við sér á geðveikrahæli. Heimsmynd hans er hrúin, íbúð þeirra mæðgina seld og sviptur bæði sjálfstæði sínu og frelsi er honum troðið í tveggja manna herbergi á hælínu. Herbergisfélaginn Kjell Bjarne er stór og blíður bangsastrákur; Lenny-týpan frá Steinbeck og brátt tekst með þeim félögum ágætur vinskapur. En á aðfangadagskvöld gerist atburður sem setur Elling úr jafnvægi og leiðir til nýrrar sögu þar sem kostuleg sólarlandaferð sem hann fór í með móður sinni er rifjuð upp. Mynd móðurinnar skýrist mjög í seinni hluta bókarinnar en hún reynir þrátt fyrir furðulegheit einkasonarins að lifa eins eðlilegu lífi og unnt er. Sögunni vikur síðan aftur á geðveikrahælið í einskonar eftirmála þar sem vinátta Ellings og Kjells Bjarne verður æ dýpri.

Í *Fugladansinum* hafa erfiðar draumfarir, sjúklegar ímyndanir, niðurlæging og skelfing sem hrjáðu Elling í fyrri bókinni vikið úr lífi hans. Hann er orðinn tiltölulega þægilegur skrítingi í grátbroslægum aðstæðum. Hvort það er af því að hann er komin á vinalegt geðveikrahæli eða af því að hann er búinn að jafna sig á umskiptunum í lífinu og móðurmissinum er ekki gott að segja. Þó má ljóst vera að lítið má út af bera til að hann missi tökin á tilverunni. Margt í hugarheimi Ellings er undarlegt og jafnvel sjúkt en skörp sýn hans á ýmsa hluti og furðufugasjónarhornið varpar oft skemmtilega nýju ljósi á kunnugleg fyrirbæri og ýtir við vanabundinni hugsun lesandans: „Nokkrum sekúndum seinna stóð ég inni í þröngum mátunarklefanum. Það er reyndar merkilegt hvernig það er. Hér höfðu þeir sem sagt byggt verslunarmiðstöð á stærð við flugskýli. Feikinóg pláss. En mátunarklefinn þurfti af einhverjum ástæðum að vera á stærð við líkkistu sem stóð upp á endann. Hver var meiningin? Og af hverju var neðri kanturinn af hurðinni tuttugu sentímetrum yfir gólfinu og efri kanturinn rétt í augnhæð? Mér leið hreint út sagt eins og asna“ (76).

Sagan er vel skrifuð, þýðingin góð og Elling er skemmtileg persóna. Fjörugt ímyndunarafl hans fleytir honum í gegnum grimman veruleika og býr til einskonar óskasjálfsmynd sem fleytir honum gegnum lífið: „Ég sá það fyrir mér. Ungi Norðmaðurinn klæddur svo til ónotuðum „slacks“ á rölti eftir strandgötunni. Arbeiderbladet undir handleggnum. Á leið að sínum fasta bekk. Hjá íbúum staðarins jafnt sem aðkomumönnum varð það fljótt að óskrifuðum lögum að enginn mætti setjast á

þennan bekk fyrst eftir morgunverðartímann. Hver þessi ungi maður var? Enginn vissi. Bara þetta goðsagnakennda nafn lengst norðan úr Evrópu. Elling. Maður í „slacks“, gangandi goðsögn, óaðgengilegur en alls ekki óvingjarnlegur, stutt í glettnislegt bros...“ (104). Brátt munu fleiri bækur um Elling líta dagsins ljós og hann mun örugglega eignast dyggan hóp aðdáenda; þægilegur aflestrar, grátbroslegur í kröm sinni, meinfyndinn á sinn sérviskulega hátt og með frumlega sýn á tilveruna.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>